



5. tbl.

Skólaáriði 2017 / 2018

Fréttabréf GSnb



Nú er sól farin að hækka á lofti og vorboðarnir að gera vart við sig. Kennarar eru duglegir að nýta sér nærumhverfið til kennslu í anda áttahagafræðinnar og umhverfisfræðinnar. Nemendahópurinn okkar er mjög fjölbreyttur og hæfileikaríkur á ýmsum sviðum. Það er mikilvægt að við stöndum við bak þeirra, gefum þeim tækifæri til að blómstra og ræktum hæfileika hvers og eins. Nemendur skólans hafa tekið þátt í ýmsum keppnum eða viðburðum, eins og kemur fram í þessu fréttabréfi.

Það eru nokkrir viðburðir framundan sem ég hvet foreldra til taka þátt í en þeir helstu eru:

- * Þriðjudaginn 17. apríl fáum við góðan gest í heimsókn sem er Snævar Ívarsson, framkvæmdastjóri Félags lesblindra á Íslandi. Hann fundar með stjórnendum og starfsfólki um daginn og kl. 17:30 er fundur fyrir foreldra um lesblindu, úrræði og bjargir. Við hvetjum alla til mæta.
- * Föstudaginn 20. apríl verður opið hús frá kl 13:00 í skólanum í Ólafsvík í boði nemenda í 9. og 10. bekk. Nemendur munu sýna afrakstur vinnu sinnar og kynna nýja tækni fyrir gestum. Það eru allir velkomnir.
- * Miðvikudaginn 25. apríl er dagur umhverfisins og er mælst til þess að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir taki til hendinni og fegri sitt nánasta umhverfi. Gámaþjónustan verður opin þennan dag og tekur við rusli. Nemendur og starfsfólk munu taka til hendinni og hreinsa rusl í nánasta umhverfi starfstöðva skólans.

Árshátíðir

Nú er öllum fjórum árshátíðum skólans lokið. Allar tókust þær einstaklega vel. Nemendur á yngsta stigi norðan heiðar settu upp Ávaxtakörfuna, á miðstiginu var settur upp söngleikurinn Mamma Mia og unglíngarnir voru með sína árshátíð í Lýsuhólsskóla með hefðbundnu sniði, hátíðarmat, skemmtiatriðum og dansi. Árshátíð Lýsuhólsskóla var haldin föstudaginn 13. apríl. Nemendur leikskóladeildarinnar sungu og dönsuðu leikverkið Krummi kemur í heimsókn, nemendur yngri deildar fluttu leikritið Tröllaskólann og eldri deildin setti á svið leikverkið Benedikt búálf.

Uppákomur sem þessar eru menntandi fyrir nemendur. Þeir mæta vel undirbúnir, koma fram og þjálfa framsögn. Til þess að árshátíðirnar verði að veruleika þarf mikla undirbúningsvinnu sem felst m.a. í því að æfa nemendur í hlutverkum sínum, undirbúa sviðsmynd og sjá til þess að öll tæknimál gangi upp. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka nemendum, starfsfólki, foreldrum og sérstaklega umsjónarkennurum fyrir þeirra þátt í að árshátíðirnar heppnist vel.

Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar

Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar

Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason



Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin á Snæfellsnesi var haldin í Ólafsvíkirkirkju 10. apríl. Athöfnin var vel skipulögð og hátíðleg, m.a. léku tveir nemendur úr sjöunda bekk á hljóðfæri sín, þau Hjörtur Sigurðarson og Anja Huld Jóhannsdóttir og boðið var upp á veitingar.

Okkar fulltrúar voru þau Björn Óli Snorrason, Davíð Svanur Hafþórsson og Sýlvía Dís Scheving. Varamaður þeirra var Eyrún Hjartardóttir. Sýlvía Dís var hlutskörpust og hlaut fyrsta sætið. Í öðru sæti var Ingigerður Sól Hjartardóttir úr Grunnskóla Stykkishólms og Kolbrún Líf Jónsdóttir úr Grunnskóla Grundarfjarðar var í þriðja sæti. Við óskum þeim öllum til hamingju. Okkar fulltrúar stóðu sig allir vel, voru skýrmæltir og áheyrilegir. Óskum við þeim til hamingju með frammistöðu sína sem var þeim og skólanum til mikils sóma og Sýlvíu Dís með fyrsta sætið, frábær árangur.

Skipulag og framkvæmd viðburðarins var til sóma og eiga þau sem komu að honum þakkar skildar. Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn, standa fyrir viðburðinum á landsvísu, Félags- og skólaþjónustan og Grunnskóli Snæfellsbæjar héldu utan um skipulag og framkvæmd hér heima. Hafið þið öll þökk fyrir.

Olweus gegn einelti

Í endaðan janúar fengum við niðurstöður úr eineltiskönnun sem lögð var fyrir nemendur í 4. -10. bekk í lok nóvember. Könnun þessi er á vegum Olweus á Íslandi en það er sú eineltisáætlun sem við vinnum eftir og höfum gert síðustu ár. Niðurstöðurnar í ár sýna að sú góða vinna sem verið hefur undanfarið ár hefur skilað sér vel til nemenda. Í ár erum við í fyrsta sinn undir landsmeðtali þegar einelti er mælt. Starf okkar gegn einelti er fjölbreytt og kemur hér stutt upptalning á því helsta sem við höfum gert á þessu skólaári.

- * Bekkjarfundir
- * Olweusardagar
- * Sterkari strákar
- * Sterkari stelpur
- * Hópefli
- * Unnið með samskipti

Helstu niðurstöður út Olweusarkönnuninni í ár

- * Einelti mælist 5,6 %
- * Samskiptavandi „kvart“ eykst á milli ára
- * Fjórir nemendur segjast eiga enga vini
- * Mest kvartað undan ljótu orðbragði, lygum og hunsun
- * 80 % nemenda líkar vel eða mjög vel í skólanum
- * Sjö nemendur segjast geta hugsað sér að leggja einhvern sem þeim líkar ekki við í einelti
- * 11 nemendur óttast að verða fyrir einelti

Samkvæmt niðurstöðunum erum við á réttri leið í baráttunni við einelti en við gerum okkur grein fyrir því að við megum ekki sofna á verðinum. Eitt af áhyggjuefnum okkar er hve margir eru að kvarta undan orðbragði. Þá baráttu ráðum við ekki við ein því okkar tilfinning er sú að þol okkar fullorðnu gagnvart ljótu orðbragði sé orðið of mikið. Við þurfum öll að lækka þröskuldinn og stuðla saman að samfélagi sem öllum líður vel í.

Olweusarteymi Grunnskóla Snæfellsbæjar

Skólahreysti

Þann 21. mars var keppt í fjórum riðlum undankeppni Skólahreysti, hreystikeppni grunnskólanna. Keppnin er liðakeppni og fimm gerðir þrauta; hraðþraut, upphíftingar, armbeygjur, dýfur og hreystigreip. Liðið okkar skipuðu þau: Kristinn Freyr Sveinbjörnsson (8. bekk), Aldís Guðlaugsdóttir (8. bekk), Nikolína Kuczynska (9. bekk) og Alexander Teitur Valdimarsson (10. bekk). Varamenn voru þau Vigfús Kristinn Vigfússon (10. bekk) og Margret Vilhjálmisdóttir (9. bekk). Hópur áhorfenda og starfsfólk fór með liðinu okkar sem stóð sig mjög vel. Við vorum í sjötta sæti af tíu liðum. Forföll urðu í liðinu okkar á síðustu stundu, tveir keppendur úr 10. bekk dattu út og fengum við undanþágu fyrir tvo nemendur úr áttunda bekk að keppa í staðinn.





Stærðfræðikeppnir

Föstudaginn 16. mars sl. fóru nokkrir nemendur af unglingastigi á Akranes til að taka þátt í Stærðfræðikeppni grunnskóla á Vesturlandi sem haldin er ár hvert í Fjölbautaskóla Vesturlands. Keppendur skólans að þessu sinni voru, Kristinn Freyr Sveinbjörnsson og Kristján Páll Bjarnason í 8. bekk, Aníta Ólafsdóttir, Benedikt Gunnarsson og Jason Jens Illugason úr 9. bekk og Birgitta Sveinsdóttir, Kristín Kristinsdóttir, Kristinn Jökull Kristinsson, Lovísa Lín Traustadóttir og Sæbjörg Jóhannesdóttir í 10. bekk. Við áttum fimm keppendur í 10 efstu sætunum, fimm keppendur í 11.- 20. sæti og Benedikt Gunnarsson nemandi í 9. bekk var í þriðja sæti í sínum árgang.

Kristinn Freyr Sveinbjörnsson, nemandi í 8. bekk, komst í úrslit í Pangea stærðfræðikeppninni og fór í úrslitakeppnina.

Óskum við þeim öllum til hamingju með árangurinn!!

Svandís Jóna Sigurðardóttir

Endurupptaka samræmdra könnunarprófa

Fyrirlögn samræmdu könnunarprófanna í 9. bekk misfórst eins og flestum er kunnugt. Hjá sumum nemendum í öllum námsgreinum og hjá flestum í tveimur. Í kjölfarið tók mennta- og menningarmálaráðherra þá ákvörðun að nemendur eigi kost á að þreyta að nýju könnunarpróf í íslensku og ensku. Ástæðan fyrir þessari ákvörðun er að samkvæmt grunnskólalögum er menntamálayfirvöldum skylt að bjóða nemendum mat á stöðu sinni í námi.

Ráðuneytið hefur birt meðfylgjandi breytingar á reglugerð nr. 73/2017 er varða heimildir skólastjóra til að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmd könnunarpróf og úrvinnslu prófanna. Ennfremur hefur ráðuneytið kynnt væntanlegar breytingar á reglugerð nr. 1150/2008 þar sem heimild til að taka mið af niðurstöðum samræmdra könnunarprófa við innritun nemenda í framhaldsskóla er felld á brott.

Nemendum okkar stendur til boða að taka prófin nú í vor, á tímabilinu 30. apríl -11. maí. Nánari tímasetning liggur ekki fyrir. Við hvorki hvetjum né letjum þá til þess. Niðurstöður prófanna munu ekki nýtast okkur við skipulagningu náms og kennslu eins og undanfarin ár. Ákvörðunin er algjörlega nemenda og foreldra þeirra. Við óskum eftir að nemendur og forráðamenn verði búnir að taka ákvörðun fyrir 12. apríl og tilkynna hana skólanum.

Ef eitthvað er óljóst eða þið óskið eftir nánari upplýsingum þá er ykkur velkomið að hafa samband við skólastjóra.

Að lokum.

Seint er minnt á mikilvægi lesturs og þess að æfa hann. Ég vil hvetja ykkur til að halda lestri að börnum ykkar – alltaf. Um miðjan maí stefnum við að því að fá Gunnar Helgason í heimsókn til okkar til að lesa upp úr bókunum sínum og vera með fyrirlestur fyrir nemendur og foreldra.

Gleðilegt sumar

